

Háskólinn á Akureyri og Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR)  
Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við  
fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 16. nóv. 2015

## 1. Röðun í launaflokka og launaþrep

Prófessorar raðast í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 1A, sbr. samkomulag um breytingar á kjarasamningi FPR við fjármála- og efnahagsráðherra. Gildistaka er hin sama og breytingar á kjarasamningi við ríkisvaldið. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 1A

	Heildar-stig	Rannsókna-stig	Kennslu-stig	Lfl.
Prófessor I				8-1
Prófessor II	400	270	100	9-1
Prófessor III	600	400	120	10-1
Prófessor IV	900	550	150	11-1
Prófessor V	1.200	750	180	12-1
Prófessor VI	1.600	1.000	180	13-1
Prófessor VII	2.000	1.500	180	14-1

Röðun í launaþrep 1-8 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 1B. Röðun í launaþrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Við gildistöku nýs kjarasamnings 2015 er röðunin í 1. launaþrep óháð launaflokki og hefst stigatalning samkvæmt töflu 1B frá 1. janúar 2015 og kemur fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

Tafla 1B

Launaþrep	1	2	3	4	5	6	7	8
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa prófessora á milli launaflokka og launaþrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþáttu skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknaskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækjun um launaflokka- og/eða launaþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokki er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á milli matsþáttu á rannsókna- og/eða kennslustig.

### Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur miðast við samræmdar matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglunum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflu 1A og 1B endurskoðaðar af aðilum þessa samnings.

## 2. Sérstaða prófessora.

Í töflu 1B er við það miðað að sérstaða prófessora afmarkist með einu launaþrepi, samanber bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla frá 25. nóvember 2014.



### 3. Yfirvinna

Hámark yfirvinnu á ári er eins og fram kemur í töflu 2. Prófessor er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnupak og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 2. Yfirvinnupak

	Yfirvinna alls	Þar af þjónustu-yfirvinna
Prófessor I, II og III	540 klst/ári	allt að 200 klst/ári
Prófessor IV	468 klst/ári	allt að 200 klst/ári
Prófessor V, VI og VII	420 klst/ári	allt að 200 klst/ári

Tímaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímaup fyrir aðra yfirvinnu svo sem yfirvinnu vegna kennslu er fastur taxti 0,615% af launaflokki 12-1, þó ekki lægri en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.

Akureyri, 16. nóvember 2015

F.h. Háskólans á Akureyri

F.h. Félags prófessora við ríkisháskóla

